

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn og raforku.

Samkvæmt 25. og 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja, til að taka gildi við birtingu:

Gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn, nr. 242, 8. júní 1990, með síðari breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 2.83%

Gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku nr. 438, 22. september 1989, með síðari breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 2.83%

Lönaðarráðuneytið, 3. desember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 472

AUGLÝSING

29. nóvember 1990

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að

1. afnema bann við bifreiðastöðum við Skúlagötu að sunnanverðu milli Höfðatúns og Rauðarárstígs,
2. afnema bann við bifreiðastöðum við Skálholtsstíg að norðanverðu milli Laufásvegar og Fríkirkjuveggar.

Ákvörðun þessi tekur gildi 17. desember 1990.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. nóvember 1990.

Böðvar Bragason.

Nr. 473

AUGLÝSING

28. nóvember 1990

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og að fenginni tillögu umferðarnefndar Akraness, hefur verið ákveðið að setja biðskyldu á botnlanga Dalbrautar gagnvart stofngötu.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Akranesi, 28. nóvember 1990.

Jón Vilberg Guðjónsson, ftr.